

Tónlist og aðventustundir í Hjallakirkju í desember

Árlegir **aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju** verða annan sunnudag í aðventu, 7. desember, kl. 20. Að venju verður efnisskráin fjölbreytt með aðventu- og jólalögum úr ýmsum áttum og frá ýmsum tímum. Einsöngvarar eru úr hópi kórfélaga. Sigurborg Ragnarsdóttir leikur á þverflautu. Julian Michael Hewlett leikur með á orgelið. Prestar kirkjunnar annast talað mál. Söngstjóri er Jón Ólafur Sigurðsson. Boðið er upp á kakó og piparkökur að tónleikum loknum. Nánari upplýsingar er að finna á netslóðinni www.hjallakirkja.is/tonlistarstarf. Ókeypis aðgangur.

Desemberlofgjörð með Þorvaldi Halldórssyni

Þorvaldur Halldórsson mun mæta í lofgjörðarguðsþjónustu þann 14. desember kl. 11 og leika undir og syngja léttu jólasöngva með viðstöddum. Síðustu ár hefur Þorvaldur heimsótt söfnuðinn á þessum tíma og komið fólki í gott jólaskap. Allir eru velkomnir.



Aðventukvöld unglinga. Nú á aðventu verður staðið fyrir nýbreytni í Hjallakirkju með Aðventukvöldi unglinga. Kvöldið verður haldið þriðja sunnudag í aðventu, þann 14. desember og hefst kl. 20. Hljómsveit frá Kristilegum skólasamtökum (KSS) mun leiða tónlistina sem verður sambland af jólalögum og æskulýðsöngvum. Krakkar úr æskulýðsstarfinu annast stundina að öðru leyti í umsjá æskulýðsleiðtoga. Kvöldið er sérstaklega ætlað unglingum og foreldrum þeirra en að sjálfsgöðu eru allir velkomnir. Að stundinni lokinni verður boðið upp á djús og kek.

Árlegir jólasöngvar fjölskyldunnar verða sunnudaginn 21. desember kl. 11. Gestakór að þessu sinni er Kór Áttahagafélags Strandamanna en hann syngur ásamt Kór Hjallakirkju fallega jólasöngva. Að venju er einnig mikill almennur söngur. Þessi stund er sniðin eftir breskri hefð þar sem skiptast á ritningarlestrar og tónlist og hefur verið flutt í Hjallakirkju síðustu árin við góðar undirtektir.

Skírnir í Hjallaprestakalli ágúst, september og október 2008

3. ágúst

Jóhann Nökkvi Svavarsson
Foreldrar hans eru Svanfríður Inga Guðbjörnsdóttir og Svavar Ólafur Pétursson

10. ágúst

Benedikt Aron Kristjánsson
Foreldrar hans eru Kolbrún Fanngeirsdóttir og Kristján Elvar Guðlaugsson

17. ágúst

Ingunn Marín Bergland Ingvarsdóttir
Foreldrar hennar eru Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir og Ingvar Guðmundsson

24. ágúst

Viktor Smári Arnarsson
Foreldrar hans eru Hulda Kristín Haraldsdóttir og Amar Logi Elfarsson

28. ágúst

Kristian Sölvi Harðarson
Foreldrar hans eru Dagrún Fanný Liljarsdóttir og Hörður Páll Eggertsson

30. ágúst

Emil Elí Aðalsteinsson
Foreldrar hans eru Júlíana Guðrún Þórðardóttir og Aðalsteinn Jónsson

31. ágúst

Nanna Hlín Þórsdóttir
Foreldrar hennar eru Guðbjörg Ólafsdóttir og Þór Guðmundsson

10. september

Guðbjörg Líf Ólafsdóttir
Foreldri hennar er Jakobína Ölöf Ólafsdóttir

14. september

Ísabel Rós Ragnarsdóttir
Foreldrar hennar eru Eydís Dögg Eiríksdóttir og Ragnar Gíslason

19. september

Helgi Marínó Kristófersson
Foreldrar hans eru Margrét Elísa Gyfalóttir og Kristófer Helgi Helgason

21. september

Steinunn Jónsdóttir
Foreldrar hennar eru Margrét Valdímarsdóttir og Jón Haukur Steingrímsson

27. september

Árni Stefán Snorrason
Foreldrar hans eru Guðbjörg Elsa Sveinbjörnsdóttir og Snorri Freyr Árnason

3. október

Emil Óli Finnsson
Foreldrar hans eru Erna Sif Ólafsdóttir og Finnur Eiríksson

11. október

Jökull Andrasón
Foreldrar hans eru Bryndís Guðlaugsdóttir og Andri Ægisson

Stefanía Heimisdóttir

Foreldrar hennar eru Þórdís Friðbergisdóttir og Heimir Björnsson

12. október

Anton Bjarni Guðnason
Foreldrar hans eru Líf Kjartansdóttir og Guðni Ingason

25. október

Sævar Þór Ómarsson
Foreldrar hans eru Linda Ósk Þórmundsdóttir og Ómar Gísli Sævarsson

31. október

Halldór Maron Sabido
Foreldrar hans eru Rakel Ásgeirsdóttir og Adrian Sabido

5

Dagskrá í Hjallakirkju á aðventu, jólum og um áramót.

1. sunnudagur í aðventu, 30. nóvember.

Tónlistarguðsþjónusta kl. 11.

Sunnudagaskóli kl. 13.

Aðventuhátíð fjölskyldunnar kl. 16.

2. sunnudagur í aðventu, 7. desember.

Messa kl. 11.

Sunnudagaskóli kl. 13.

Aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju kl. 20.

3. sunnudagur í aðventu, 14. desember.

Lofgjörðarguðsþjónusta kl. 11.

Jólaball sunnudagaskólans kl. 13.

Aðventuhátíð unglinga kl. 20.

4. sunnudagur í aðventu, 21. desember.

Jólasöngvar fjölskyldunnar kl. 11.

Aðfangadagur jóla, 24. desember

Jólastund fjölskyldunnar kl. 16.

Aftansöngur kl. 18.

Miðnættarguðsþjónusta kl. 23.30.

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Annar dagur jóla, 26. desember

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.

Sunnudagurinn 28. desember

Jólagleði aldraðra kl. 14 í Hjallakirkju.

Gamlársdagur, 31. desember

Aftansöngur kl. 18.

Sr. Íris Kristjánsdóttir þjónar. Barn borið til skímar.

Félagar úr Kór Hjallakirkju syngja. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna með léttu jóladagskrá, söngvum og sögum. Flutt verður leikritið Ósýnilegi vinurinn og bamakór Hjallaskóla syngur undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur. Piparkökur og kakó í safnaðar sal frá kl. 15.15. Góð skemmtun fyrir alla.

Sr. Sigfús Kristjánsson þjónar. Félagar úr kór kirkjunnar

syngja og leiða safnaðarsöng. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Kórinn syngur aðventu- og jólalög frá ýmsum löndum og ýmsum tímum.

Einsöngvarar eru úr hópi kórfélaga. Sigurborg Ragnarsdóttir leikur á þverflautu. Julian Michael Hewlett leikur á orgel. Söngstjóri Jón Ólafur Sigurðsson. Kakó og piparkökur að tónleikum loknum. Ókeypis aðgangur.

Sr. Íris Kristjánsdóttir þjónar. Þorvaldur Halldórsson leikur og syngur léttu jólasöngva með viðstöddum.

Allir dansa saman í kringum jólatréð. Jólasveinn kemur í heimsókn og færir bömunum glaðning.

Hljómsveit frá Kristilegum skólasamtökum (KSS) leiðir tónlistina sem verður sambland af jólalögum og æskulýðssöngvum.

Unglingar úr æskulýðsstarfi kirkjunnar annast stundina.

Sr. Sigfús Kristjánsson þjónar. Allir syngja saman aðventu- og jólalög

undir forsöng Kórs Hjallakirkju og Kórs Áttahagafélags Strandamanna. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Létt og skemmtileg barnastund með brúðum og léttum jólasöng.

Góðir gestir úr sunnudagaskólanum koma í heimsókn.

Tónlistarflutningur frá kl. 17.30 í umsjá Kristínar Lárusdóttur, sellóleikara.

Sr. Íris Kristjánsdóttir og sr. Sigfús Kristjánsson þjóna. Kór Hjallakirkju syngur og leiðir safnaðarsöng. Kristín R. Sigurðardóttir syngur Ó, helga nótt. Ingibjörg Guðlaugsdóttir leikur á básúnu. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson. Jólasöngvar á jólanótt. Sr. Sigfús Kristjánsson þjónar. Kammerkór Hjallakirkju syngur aðventu- og jólalög. Erla Björg Káradóttir syngur einsöng. Steinar M. Kristinsson leikur á trompet. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Sr. Íris Kristjánsdóttir þjónar. Kór Hjallakirkju syngur og leiðir safnaðarsöng. Gunnar Jónsson syngur einsöng. Sigurborg Ragnarsdóttir leikur á þverflautu. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Sr. Sigfús Kristjánsson þjónar. Barn borið til skímar. Bamakór úr Hjallaskóla syngur undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur ásamt félögum úr Kór Hjallakirkju. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Hátíðarstund fyrir aldraða í öldrunarstarfi kirknanna í austurbæ Kópavogs Söngvinir, kór aldraðra í Kópavogi syngur undir stjórn Kjartans Sigurjónssonar. Boðið er upp á veitingar í safnaðarsal kirkjunnar að dagskrá lokinni.

Sr. Íris Kristjánsdóttir þjónar. Kór Hjallakirkju syngur og leiðir safnaðarsöng. Einar Clausen syngur einsöng. Sungnir verða bæði hátíðarsöngvar og litanía sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti Jón Ólafur Sigurðsson.

Allar nánari upplýsingar um guðsþjónustur og annað starf er að finna www.hjallakirkja.is.




Æskulýðsstarf Hjallakirkju að hausti



Jólagleði aldraðra

Kenya, ég þekkti þig af afspurn




Fyrir börnin á aðventunni!

Tónlist og aðventustundir í Hjallakirkju



Dagskrá í Hjallakirkju á aðventu og jólum



Glatt á Hjalla
3. tbl. 17. árg. 2008.
Ritstjóri og ábyggðarmaður:
Sr. Íris Kristjánsdóttir
Prentun: Svansprent.
Upplag: 2800 eintök.

Hjallakirkja:
Álfaheiói 17, 200 Kópavogur
Sími: 554-6716
Myndsendir/fax: 564-4201
Netfang: hjallakirkja@hjallakirkja.is
Veffang: www.hjallakirkja.is
Almennur opnunartími kirkjunnar er þriðjudaga til fimmtudaga frá 10 til 16 og föstudaga kl. 11-14.

2

Prestar kirkjunnar, Íris Kristjánsdóttir (netfang: iris@hjallakirkja.is) og Sigfús Kristjánsson (netfang: sigfus@hjallakirkja.is) eru með símaviðtalstíma á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11-12. Viðtalspantanir eru á opnunartíma kirkjunnar.

Jón Ólafur Sigurðsson, organisti og kórstjóri, (s. 899-8965, netfang: jon@hjallakirkja.is) er með viðtalstíma á þessum sömu tímum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11-12.

Þráinn Haraldsson, æskulýðsfulltrúi (netfang: thrainn@hjallakirkja.is), er með viðtalsíma á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14-16.

Kirkjuvörður: Inga Hrönn Pétursdóttir (s. 867-0007, netfang: inga@hjallakirkja.is)
Meðhjálpari: Ingunn Hlín Jónasdóttir.

Glatt á hjalla er fréttabréf Hjallasafnaðar og er dreift í hvert hús í sókninni. Í fréttabréfinu að þessu sinni er greint frá því helsta sem er á döfinni yfir aðventuna og jólahátíðina. Geymið fréttabréfið og takið virkan þátt í starfinu.

Aeskulýðsstarf Hjallakirkju að hausti

Æskulýðsstarf Hjallakirkju fór vel af stað í haust og mikil fjöldi barna og unglinga kemur í kirkjuna í hverri viku til samveru. Á fundum er ýmislegt gert og markmiðið er að bjóða upp á heilbriggt og uppbyggjandi æskulýðsstarf sem hentar flestum. Í starfinu miðlum við hinum kristna boðskap um mikilvægi manneskjunnar og hinn kristnu gildi. Við viljum að allir geti fundið sig velkomna í kirkjunni. Umræðan um efnahagsástandið hefur ekki farið fram hjá neinum, ekki heldur börnunum okkar og unglingum. Æskulýðsstarf er sjálfsagt aldrei eins mikilvægt eins og einmitt á þeim óvissutímum sem nú ríka í samfélaginu. Hjallakirkja mun því ekki draga úr starfi sínu heldur leggjum við áherslu á mikilvægi þess að ná til barna og unglinga í sókninni. Æskulýðsstarf kirkjunnar er þátttakendum að kostnaðarlausu, fyrir utan einstaka viðburði. Það er gleði og ánægjan sem að ræður ríkjum í starfinu og höfum við lagt áherslu á að kreppital fari ekki fram á fundum.

Opið hús fyrir eldri borgara - jólasamvera

Jólasamvera Opna hússins fyrir eldri borgara verður fimmtudaginn 4. desember kl. 12. Boðið er upp á léttan og góðan hádegisverð og svo verður skipst á pökkum til að fá smjörþefinn af því sem koma skal um jólin. Allir eru hjartanlega velkomnir. Fyrsta Opna húsið eftir áramót verður svo fimmtudaginn 15. janúar og síðan annan hvern fimmtudag fram á vor.



Mörg börn og unglingar upplifa hins vegar óvissu og jafnvel ótta út af þeirri umræðu sem fram fer í þjóðfélaginu. Þessi ótti getur brotist út í æskulýðsstarfinu og reynum við svara því með samtölum við þá unglinga sem að þess óska, með því er stutt við hvern og einn þátttakanda í starfinu. Á tímum sem nú geta eldri börn og unglingar gildi. Við viljum að allir geti fundið sig velkomna í kirkjunni. Mikilvægt er að foreldrar gefi því gaum og hvetji börn sín og unglinga til þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Kirkjan er ávallt til staðar og prestar og æskulýðsfulltrúi kirkjunnar eru tilbúinn til að veita sálsgæslu og styðja við þau sem þurfa á því að halda. Hvetjum við foreldra til að hafa samband ef þeir hafa spurningar eða athugasemdir um starfið eða vilja leita eftir stuðningi við sín börn. Æskulýðsfulltrúi er með viðtalstíma kl. 14-16, þriðjudaga til fimmtudaga og eftir samkomulagi.

Jólagleði aldraðra

Jólagleði aldraðra er viðburður sem á sér langa sögu í söfnuðunum í austurbæ Kópavogs. Söfnuðirnir hafa skipst á að halda þessa hátíðarstund í Digranes- og Hjallakirkju og er fólk innan safnaðanna boðið hjartanlega velkomið. Jólagleðin verður núna í Hjallakirkju sunnudaginn 28. desember kl. 14. Söngvinir, kór aldraðra í Kópavogi, kemur í heimsókn og syngur undir stjórn Kjartans Sigurjónssonar. Að auki verður jólasaga flutt og jólasöngvar sungnir. Boðið er upp á veitingar í safnaðarsal kirkjunnar að dagskrá lokinni. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Kenya, ég þekkti þig af afspurn en nú hefur auga mitt litið þig.

Það voru sjö áhugasamir prestar sem fóru um borð í flugvél þann 22. september. Ferðinni var heitið til Afríku, nánar tiltekið á slóðir kristni-boða í Pókot í Kenya. Við höfum flestir í þessum hóp spilað saman fót-bolta vikulega um árabíl. Reglulega hafa kristni-boðarnir í hópnum slegið um sig með sögum frá Afríku og því fannst okkur hinum kominn tími á að fara og skoða Kristni-boðið, árangur þess og aðstæður með eigin augum. Í stað þess að fara mörgum orðum um þetta ferðalag allt, vegna í Kenya, eða skort á þeim, og hversu ólíkt landið er Íslandi langar mig að segja nokkur orð um eina sérstaka upplifun. Guðsþjónusta í Chesta var afar eftir-minnileg. Í raun þá höfðum við félagarnir nokkrar áhyggjur af því að koma til Chesta. Kjartan fararstjóri hafði hrætt okkur með sögum um að þar væri svakalega heitt og allt morandi í allskonar kvikindum, flestum stórhættulegum. Sannarlega var heitt þegar við komum á staðinn en strax á öðrum degi okkar þar heyrðist mikill hávaði úr lofti, í kjölfarið fór að rigna og það rignði nánast allan tímann okkar í Chesta. Ég gat sérstaklega um hávaðann sem kom í upphafi rigning-arinnar því þrumumar þarna úti eru ekki lágværar heldur eru þær slíkar að fyrir óvanan Íslending þá mætti halda að verið væri að sprengja fyrir hús-grunni eða veggöngum. Snemma morguns fórum við þrír yngri mennirnir úr hópnum til kirkju. Þar átti að fara fram guðsþjónusta fyrir unglingsstúlkur úr skóla í nágrenninu. Við mættum á þeim tíma sem guðsþjónustan átti að hefjast og vorum komnir á svæðið á undan öllum öðrum, svo langt á undan að kirkjan var harðlæst þegar við mættum. Þegar um 15 mínútur voru liðnar af messutímanum þá bar að einn góðan

mann sem þóttist skilja að við ætl-uðum okkur í kirkjuna og tók hann að sér að útvega lykla að kirkjunni. Það tókst honum og inn fórum við. Eftir að hafa skoðað helgidóminn drjúga stund þá fóru að streyma að stúlkur úr skólanum. Við vorum beðnir að færa okkur út fyrir svo þær gætu framkvæmt léttu hreingöngu á kirkjunni. Þegar kirkjan var orðin messufær þá byrjuðu stúlkurnar strax að syngja og gerðu það þangað til að kirkjan var orðin fullskipuð og leiðtogi þeirra byrjaði stundina. Við þrír sem fengum að vera með í þessari stund, ég, Bolli Pétur og Jón Helgi, höfðum skipt með okkur verkum og í minn hlut kom að predika út frá guðsþjalli dagsins. Ég fékk að vita guðsþjallstextann fljótlega eftir að messan byrjaði sem þótti nú bara nokkuð eðlilegur fyrirvari. Það er gaman að bera saman helgi-hald hér heima og þarna úti. Hér heima verjum við tíma í að reyna að fá fólk til að taka undir í sálmasöng en þarna úti var nánast vandamál að stöðva sönginn til að komast að með ritningarlestur eða aðra messuliði. Það má því með sanni segja að stúlkurnar hafi verið þátttakendur í messunni en ekki áhorfendur að henni. Predikunin mín mun líklega verða mér minnisstæð svo lengi sem ég lifi. Ekki vegna þess



að ég hafi verið svo málsnjall eða orð-heppinn heldur vegna þess að aldrei áður hef ég upplifað fulla kirkju þar sem hver einasti kirkjugestur horfði á mig allan tímann og beið spenntur eftir næstu setningu. Ég talaði á ensku án túlks enda höfðu stúlkurnar ágætis vald á enskunnni. Þegar ég vitnaði í ritningarvers úr Biblíunni þá tók ég eftir því að þær sögðu flestar textann með mér. Ég man lítið hvað ég sagði sjálfur en ég mun alltaf muna þessa stund. Við fórum félagarnir til að fara með Guðs orð og vera stúlkunum innblástur og hvatning en ég er fullviss um að þær voru okkur miklu meiri innblástur. Það er merkilegt hvað þessi guðsþjón-usta er mér dýrmæt minning. Líklega er það vegna þess að í henni fann ég sterkt fyrir því að vera hluti af stórum veruleika. Hluti af fjölskyldu kristinna manna. Við höfum öll lesið um það að orðið kirkja merki fleira en það að vera hús Guðs sem hýsir helgi-hald. Við höfum sagt fermingarbörnum í mörg ár að við erum kirkjan og hún er stór og nær um víða veröld. Ég held samt að ég hafi aldrei upplifað eins sterkt að vera hluti af kirkjunni og ég gerði þarna í rigningunni í Chesta. Sigfús Kristjánsson

3

4

Fyrir börnin á aðventunni!

Aðventuhátíð fjölskyldunnar

Fyrsta sunnudag í aðventu, 30. nóvember, verður aðventuhátíð fjölskyldunnar í Hjallakirkju kl. 16. Bömin eru sérstaklega boðin velkomin að taka þátt í léttu jóladagskrá með söngvum og sögum sem jólnum tengjast. Bamakór úr Hjallaskóla kemur í heimsókn og syngur undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur. Einnig verður á stundinni sýnt leikritið Ósýnilegi vinurinn sem Stoppleikhúsið flytur. Leikritið segir frá Jónatan Finkeltopp og Pálu Pimpen en þau kynnst einn daginn og verða vinir. En þó að þau séu vinir eiga þau eftir að læra ýmislegt, t.d. að kunna að fyrirgerfa og sættast. En síðast en ekki síst kynnst þau ósýnilega vininum, Jesú. Að auki munum við öll syngja saman jólasöngva og njóta stundarinnar í kirkjunni. Þau sem vilja geta mætt fyrr, svona upp úr kl. 15, og fengið sér kakó og piparkökur í safnaðarsal áður en hátíðin hefst. Við hvetjum fjölskyldur til að fjölmenna á aðventuhátíðina þennan fyrsta sunnudag aðventunnar.

Jólaball sunnudagaskólans

Síðasti sunnudagaskóli fyrir jól verður sunnudaginn 14. desember. Þá ætlum



við að halda jólaball, dansa og syngja í kringum jólatréð. Við fáum jólasveininn í heimsókn sem bæði mun skemmta börnunum og gefa þeim eitthvað góðgæti. Jólaballið er á sunnudagaskóla-tíma, kl. 13 þennan sunnudag. Allir eru velkomnir, ungir sem aldnir.

Aðfangadagur jóla kl. 16 - Jólastund barnanna

Nú er orðin föst venja í Hjallakirkju að halda Jólastund barnanna kl. 16 á aðfangadag, rétt á undan hefð-

bundnum Aftansöng sem hefst kl. 18. Á stundinni munum við syngja fallega jólasálma, hitta góða vini úr sunnudagaskólanum og sjá helgileik sem börn úr kirkjustarfinu flytja. Hver veit nema Tóta trúður komi í heimsókn með skemmtilegan glaðning fyrir börnin. Jólastund barnanna verður í senn hátíðleg og fjörug, tilvalinn kostur fyrir fólk með ung börn og eldri börn sem eiga erfitt með að bíða þar til klukkan slær sex.

